

Markmiðstafla

Þættir	Markmið	Mælikvarði	Viðmið	Aðgerð 1	Aðgerð 2	Ábyrgð
Leik- og námsumhverfi	Skólabyggingar eru skipulagðar sem fjölbreytt, misstór og opin vinnurými; mikill sveigjanleiki til aðlögunar.	Hlutfall starfsfólks sem telur sveigjanleika mikinn í aðlögun vinnurýma.	95%	Könnun lögð fyrir	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Stjórnendur
	Vinnusvæði í skólum gefa nemendum tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum. Nærumhverfið er einnig hluti af námsumhverfinu.	Hlutfall nemenda sem segjast fá tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum	80%	Könnun gerð meðal nemenda - munnleg og skrifleg eftir aldri	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Stjórnendur
		Fjöldi tilvika á önn þar sem nærumhverfið er nýtt sem hluti námsumhverfis	5	Kennarar halda skrá með lýsingu	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Kennarar
	Fjölbreytt gögn fyrir leik og nám eru aðgengileg fyrir nemendur að velja úr eftir viðfangsefnum og verkefni nemenda sýnileg.	Hlutfall nemenda sem segjast hafa val um fjölbreytt gögn að velja úr eftir viðfangsefnum	95%	Könnun gerð meðal nemenda - munnleg og skrifleg eftir aldri	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Kennarar
		Verkefni nemenda í öllum hópum eru sýnileg á veggjum skólanna og/eða á vefsíðum	100%	Þess er gætt að allir kennarar sjái til þess að gera verkefni nemenda sýnileg	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Kennarar og stjórnendur
	Upplýsingaver eru í skólabyggingum og aðgengileg nemendum.	Hlutfall nemenda sem hafa óskert aðgengi að upplýsingaveitu	100%	Könnun gerð meðal nemenda hvað varðar aðgengi	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Kennarar og stjórnendur
Allir nemendur eiga kost á fjölbreyttum tækjabúnaði til eigin nota við leik og nám.	Allir nemendur hafa aðgang að tölvubúnaði eða öðrum tækjum til að nýta í leik og námi	Öll/allir	Greina tækjabúnað og gera áætlun um innkaup ef þörf krefur	Kannað með heimsóknum í kennslu og skoðun á gögnum 3. hvert ár	Skólastjórar	

Lagt er upp með að innra og ytra mat sé reglubundið og á hverju ári séu teknir fyrir tveir þættir:

1. Skipulag og stjórnun ásamt Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun
2. Leik- og námsumhverfi ásamt Nemendur
3. Starfsfólk ásamt Foreldrar og grenndarsamfélag

Niðurstöður innra og ytra mats eru nýttar til að gera umbótaáætlun sem er markmiðsbundin, tímasett og ábyrgðarsett. Þannig verður til mats- og þróunarhringur.